


Lokaskýrsla um framkvæmd
**„Innleiðingar lestrarmenningar á
unglingastig“**

í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

2015-2017



Efnisyfirlit

Markmið verkefnis.....	3
Leiðir að marki.....	3
Frávik	4
Helstu hindranir í framkvæmd	4
Tímalína	4
Helsti ávinningur.....	5
Mat á verkefninu	5
Leshraði og lesskilningur	5
Áhugi.....	6
Niðurstöður	6
Kynning á niðurstöðum og afrakstri verkefnis	7

Markmið verkefnis

Samkvæmt umsókn var markmið verkefnisins að auka lestrarfærni og áhuga nemenda á unglिंगastigi Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES). Verkefnið er liður í aukinni áherslu BES á lestur og lestrarfærni nemenda á öllum skólastigum. Fyrirhugaður afrakstur verkefnisins var aukinn áhugi nemenda á yndislestri, aukin lestrarfærni og skilningur sem leiðir til betri námsárangurs og betri líðan nemenda í kjölfarið.

Leiðir að marki

Verkefnið var kynnt foreldrasamfélaginu á heimasíðu skólans og á skólavökum haustið 2015. Kvenfélög Eyrarbakka og Stokkseyrar voru fengin til samstarfs vegna húsgagnakaupa, gluggatjaldakaupa og fleira sem sneri að aðstöðu lesversins. Einnig var verkefnið kynnt á vef Árborgar, í fréttabréfi skólaþjónustu Árborgar og sent fjölmiðlum.

Verkefnið var rætt með kennurum og starfsfólki unglिंगadeildarinnar á Eyrarbakka, markmið rædd og búinn var til sameiginlegur skilningur á þeim markmiðum. Kallað var eftir hugmyndum um með hvaða hætti lestrarver gæti nýst, bæði í kennslu og utan kennslu.

Ráðist var í bókakaup, nemendur fengu að velja bækur sem þeim hugnuðust og bókunum komið fyrir í nýju lestrarveri sem stendur sjálfstætt á skólalóðinni á Eyrarbakka. Nemendur fengu að hanna rýmið, sófum var komið fyrir, veggir voru myndskreyttir og nemendur útbjuggu sér rými sem þeim líður vel í við lestur. Gardínur voru saumaðar af Kvenfélagi Eyrarbakka svo hægt væri að nýta rýmið enn betur. Efnt var til nafnasamkeppni meðal nemenda um hið nýja lestrarver svo þeir hefðu hlutdeild í undirbúningi sinnar aðstöðu. Lestrarverið hlaut nafnið Bakkakot.

Kennarar skiptust á að velja sér tíma í lesveri þar sem þeir gátu farið með nemendur til lestrar bóka og stefnt var að því að nýta frímínútur og hádegishlé sem nemendastundir í Bakkakoti. Íslenskukennari unglिंगastigs setti í gang heimalestur þar sem foreldrar kvittuðu fyrir lestur síns barns en nemendum unglिंगastigs var og hefur verið uppálagt að lesa bækur að eigin vali heima. Einnig ákváðum við að hefja fyrstu tíma dagsins á yndislestri og hefur verið lögð áhersla á að nemendur hafi alltaf bók við höndina til að auka tímann sem varið er til lesturs.

Stjórnendur skólans komu því einnig á að stuðningsfulltrúi á unglिंगastigi héldi utan um lestur á unglिंगastigi og var stundatafla lestrar gefin út þar sem allir nemendur unglिंगastigs hittu viðkomandi stuðningsfulltrúa tvisvar til fjórum sinnum í viku og lásu upphátt fyrir hann. Stuðningsfulltrúinn heldur skrár um leshraða allra unglinga á stiginu og einnig leggur hann lesskilningsverkefni fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð viðmiðum í hraða og lesskilningi. Viðkomandi stuðningsfulltrúi fær gögn, mælitæki og ráðgjöf frá deildarstjóra stoðþjónustu skólans, íslenskukennara á unglिंगastigi og aðstoðarskólastjóra.

Frávik

Í raun má segja að helstu frávik verkefnisins hafi verið tímaramminn. Frá því að upplýsingar um að styrkurinn hafi verið veittur undir vor 2015 leið talsverður tími þangað til að innleiðing verkefnisins hófst. Einnig var áætlaður tími verkefnisins of knappur þar sem það hefði í raun hefði átt að ná yfir 2-3 ár, eins og raunin varð á með veittum undanþágum um skil áfanga- og lokaskýrslu.

Í áætlun var gert ráð fyrir eigin mælingum skólans á áhuga nemenda á lestri. Frá því var horfið enda greina niðurstöður Skólapúlsins mjög ítarlega stöðuna hvað það varðar.

Helstu hindranir í framkvæmd

Unglingadeild BES er fámenn, einungis eru rúmlega 50 nemendur í 7. – 10. bekk. Þetta þýðir að starfsmenn eru einnig fáir og því er skólastarf viðkvæmt fyrir miklum breytingum í aðbúnaði og/eða mönnun. Skólaárið 2015-2016 höfðu mikil veikindi starfsmanna neikvæð áhrif á skólastarfið, þ.e. kennarar og starfsmenn sem við höfðum ætlað að vera leiðandi í verkefinu höfðu minni tíma aflögu en gert var ráð fyrir í upphafi. Við reyndum að flétta lestrarmenninguna inn í stundatöflu með misjöfnum árangri. Einstaka kennarar notfærðu sér aðstöðuna endrum og sinnum en ekki tókst að koma lesverinu og notkun þess inn í menninguna með þeim hætti sem upphaflega var stefnt að. Smám saman tókst að virkja áætlunina inn í starfið eins og sjá má á tímalínu verkefnisins.

Tímalína

Haut 2015 – Verkefnið innleitt. Hugmyndavinna hafin og rýnt í niðurstöður mælinga.

Janúar 2016 – Lestur fyrir alla unglunga settur upp á unglungastigi

Vor 2016 – Óskað efir frest á áfangaskýrslu

Haut 2016 - Bakkakot kynnt nemendum á ný sem lestrarver eða lestrarvin. Í kjölfar umræðu um mikla notkun nemenda á snjalltækjum í frímínútum og hádegishléi hefur verið ákveðið að bjóða upp á tækjalaust svæði í Bakkakoti í frímínútum skólans og hádegishléi. Þar geti nemendur sest niður með bók og lesið.

Desember 2016 – Unnið úr niðurstöðum Skólapúlsins um áhugalestur nemenda BES.

Janúar 2017 – Bókakaup fyrir Bakkakot. Nemendur velja hvaða bókatitla þeir vilja kaupa en skólanum hlotnaðist styrkur til bókakaupa nýverið.

Janúar 2017 – Heimalestur nemenda og yndislestur í íslenskukennslu.

Febrúar 2017 – Kennarar BES fá fyrirlestur um lestur, lestrarfærni og leiðir til að virkja lestrarmenningu.

Febrúar 2017 – Upplestur nemenda. Nemendur kynna uppáhalds bækur sínar og lesa uppúr þeim.

Apríl 2017 – Niðurstöður Skólapúlsins á áhugalestri nemenda.

Nóvember 2017 – Niðurstöður Skólapúlsins á áhugalestri nemenda

Helsti ávinningur

Eins og óskir stóðu til tókst að vekja athygli nemenda á mikilvægi þess að geta lesið sér til gagns. Einnig hefur tekist að gera nemendur áhugasama um verkefnið og viljuga að halda því áfram. Við höfðum gögn í höndunum varðandi lestur nemenda í niðurstöðum úr Skólapúlsinum og upplýstum nemendur um þau gögn og hvað þau mældu skólaárið 2016-2017. Við teljum að talsverður ávinningur sé í því fólgin að gera nemendur meðvitaða um stöðuna, hvernig hún er greind og að hvaða marki er stefnt í úrbótavinnu. Einnig er mikilvægt að kennarar, aðrir starfsmenn og foreldrar séu hafðir með í innleiðingu svo að almenn hlutdeild skólasamfélagsins í svona verkefni stuðli frekar að jákvæðum niðurstöðum.

Mat á verkefninu


Ljóst er að til þess að auka áhuga á lestri unglinga þarf samhenta vinnu skóla og heimila. Við höfum haldið lestrarátakinu okkar á lofti við foreldra sem hafa tekið því vel. Í markmiðum verkefnisins var stefnt að því að auka lestrarfærni nemenda, skilning og áhuga. Við þrískiptum því matinu út frá þeim markmiðum, í lestrarhraða, lesskilning og áhuga.

Leshraði og lesskilningur

Jafnhliða verkefninu höfum við verið að leggja fyrir Logos skimunarpróf og upp úr niðurstöðum þeirra skimunarprófa höfum við sett upp átta vikna þjálfunaráætlun fyrir þá sem ekki náðu viðmiðunum um hraða og lesskilning. Haustið 2016 lögðum við af stað með þjálfun fyrir fimm nemendur núverandi 10. bekkjar en þeir höfðu ekki náð viðmiðum. Mun einfaldara var að fá nemendur til að skilja mikilvægi lestrarátaksins í ljósi þess að við vorum sjálf í átakinu sem hér er til umfjöllunar. Gott var að höfða til nemenda um mikilvægi þess að ná og auka færni í lestri í ljósi upplýsinga um sí versnandi stöðu íslenskra ungmenna í lestri. Til að gera langa sögu stutta urðu miklar framfarir hjá þeim nemendum sem við þjálfuðum aukalega. Leshraði fjórfaldaðist að jafnaði og lesskilningur batnaði um 20% að jafnaði.

Áhugi

Í könnun Skólapúlsins hjá nemendum 6. - 10. bekkja í BES skólaárið 2015-2016 mældist lestraráhugi nemenda 4.4 á skalanum 1-10. Landsmeðaltal var 5. Á línuritinu sem hér er fyrir neðan má sjá að ánægja af lestri eykst úr 4.4 í 4.7 á tímabilinu sem er liðið frá því að vinna við innleiðinguna hófst. Mjög ánægjulegt er að sjá þessa þróun og er það von okkar að átakið eigi að einhverju leyti þátt í þessari aukningu.



Einnig er vert að minnast á hliðarafleiðingar innleiðingarinnar en þær hafa fylgt í kjölfarið og með afar jákvæðum hætti. Þegar eitt stig skólans fór í átak eins og innleiðingu lestrarmenningarinnar smitaðist áhuginn á önnur stig skólans. Allir nemendur skólans skráðu sig í landslestrarkeppnina *Allir lesa* og náðu þar eftirtektarverðum árangri. Miðstigið sigraði í sínum flokki og einnig náði yngsta stigið 4. sæti á landsvísu þannig að óhætt er að segja að lesturinn við Barnaskólann sé á mikilli siglingu.

Niðurstöður

Nokkrar niðurstöður urðu ljósar eftir framkvæmd verkefnisins og einnig komu áhugaverðar staðreyndir fram við framkvæmd og á meðan innleiðingu stóð. T.a.m. sú staðreynd að við að setja slíkt átak eða verkefni af stað á unglingsstigi jókst áhugi kennara á yngra stigi á að taka lestur enn fastari tökum en hafði verið gert. Áhrif verkefnisins höfðu þau jákvæðu áhrif að umræðan um lestrarmál varð þvert á allar árgangalínur og dró fram áherslur í lestrarstefnu skólans, áherslur eins og mikla eftirfylgni við heimalestur. Hliðarafurðir eins og mikill metnaður í *Allir lesa* – landsátak í lestri skiluðu framúrskarandi árangri og höfðu jákvæð áhrif á allt skólastarf.

Ekki þarf annað en að vísa í mælingar frá Skólapulsinum sem sýna fram á aukinn áhuga nemenda á lestri. Einnig gefa mælingar úr Logos mjög skýrar vísbendingar um að lestrarfærni er á uppleið hjá nemendum Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Sú vinna sem farið var í undir formerkjum átaksverkefnis hefur samkvæmt því skilað árangri.

Ljóst er að styrkur Sprotasjóðs til innleiðingar lestrarmenningar á unglíngastigi í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri kom í góðar þarfir. Unnt var að bæta aðstæður nemenda til lesturs og einnig að auka úrval bóka sem henta nemendum á þessu stigi grunnskóla. Árangurinn af verkefninu er góður og má fullyrða að sú aukning áhuga, leshraða og lesskilnings er afsprengi fjölbreyttra vinnubragða og viðleitni til aukins árangurs í lestri. Leiðin sem hér var farin hlýtur að teljast til eftirbreytni fyrir aðra skóla á landinu og á Sprotasjóður þakkir skildar við að styðja við verkefnið.

Kynning á niðurstöðum og afrakstri verkefnis

Kennurum og starfsmönnum skólans verður kynnt lokaskýrsla og helstu niðurstöður verkefnisins á starfsmannafundi í byrjun mars 2018. Einnig verður skrifuð blaðagrein um verkefnið og hún birt á heimasíðu skólans og send héraðsfréttablöðum. Mikilvægt er að halda á lofti því sem vel er gert og sýna fram á að árangur næst sem samstilltu átaki.

Eyrarbakki 14. febrúar 2018

Páll Sveinsson, aðstoðarskólastjóri og verkefnisstjóri

Magnús J. Magnússon, skólastjóri